

AUGLÝSING
um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 130/2009,
fyrir Auðlind – Náttúrusjóð.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

2. gr. orðist svo:

Nafn sjóðsins er Auðlind – minningarsjóður Guðmundar Páls Ólafssonar. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

8. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa sjö menn og jafnmargir til vara. Stjórn er skipuð til eins árs í senn.

Formaður er tilnefndur sérstaklega. Stjórn heldur fundi svo oft sem þurfa þykir eða að beiðni a.m.k. tveggja stjórnarmanna. Stjórnarmenn fá ekki þóknun fyrir störf sín, en endurgreiða má þeim útlagðan kostnað.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Auðlind – minningarsjóð Guðmundar Páls Ólafssonar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 24. júní 2015,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.